

Eftirfarandi tillögum var á fundi bæjarstjórnar þann 25. nóvember 2020 til fjölskylduráðs.

Tillögur Samfylkingarinnar sem lagðar eru fram við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar 2021 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

5) Efla starf Brúarinnar með fjölgun stöðugilda. Fjölga þarf stöðugildum og efla enn frekar starf Brúarinnar. Það er ljóst að þverfaglegt starf í grunnskólum bæjarins hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú um stundir. Í kjölfar farsóttarinnar og þeirra efnahags- og félagslegu áhrifa sem hún hefur haft verður mikil þörf á að mæta nemendum í leik- og grunnskólum með markvissum hætti með snemmtækri íhlutun. Því er það tillaga okkar að í það minnsta tveimur stöðugildum verði bætt við til að efla þetta mikilvæga starf strax á næsta ári. Vísu inn í fjölskylduráð, fræðsluráð og bæjarráð

6) Barnavernd fjölga stöðugildum til að mæta auknu álagi Það er ljóst að brýnt er að fjölga stöðugildum í barnavernd vegna þeirra áhrifa sem faraldurinn hefur þegar haft á samfélag okkar. Einnig er ljóst að þörfin á aðkomu barnaverndar verður ekki minni á komandi ári. Það er ekki viturlagt að láta okkar góða fagfólk sem við eigum hér í bænum á þessu sviði hlaupa bara hraðar og hraðar, það mun koma niður á þjónustunni til lengri tíma litið og leiða til kulnunar starfsfólks. Til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar hér í bænum á næsta ári þá er að okkar mati nauðsynlegt að fjölga stöðugildum í barnavernd að minnsta kosti um tvö á næsta ári.

Vísu inn í fjölskylduráð og bæjarráð

7) Nýsköpun í velferðarþjónustu Komið verði á laggirnar þróunarsjóði sem ýtir undir nýsköpun í velferðarþjónustu. Mikilvægt er að fjárfesta í þekkingu í þeirri þjónustu sem krefst mannlegrar náandar. Samdóma álit hagfræðinga um allan heim er að efla þurfi velferðarþjónustu og hvetja til nýsköpunar hvort sem um er ræða verkefni, lausnir eða hugmyndir opinberra eða einkaaðila. Við leggjum því til að settar verði 50 milljónir í sjóð til efla velferðarþjónustu í sveitarfélaginu.

Vísu inn í fjölskylduráð og bæjarráð

8) Þjónusta við aldraða Gert er ráð fyrir minna fjármagni inn í þennan þjónustubátt á næsta ári þegar við ættum einmitt að vera að efla þjónustuna eða í það minnsta að halda í horfinu á milli ára. Það er óásættanlegt að gert sé ráð fyrir 6% samdrætti í þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu. Við leggjum til að horfið verði frá því og sett fram aukning sem nemur að minnsta kosti 3% við þennan lið í fjárhagsáætluninni. Eldri íbúar bæjarins hafa margir hverjir búið við mikla einangrun undanfarin misseri. Það er því mikilvæg fyrir andlega og líkamlega heilsu þessa hóps að efla félagsstarf þeirra sem og aðra þjónustu við hann.

Vísu inn í fjölskylduráð og bæjarráð.

Þá tekur Jón Ingi Hákonarson til máls og leggur fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlun: Tillögur Viðreisnar

3. Setja aukna áherslu á að vinna gegn félagslegri einangrun eldri borgara (fjölskyldusvið)
5. Fjölga stöðugildum hjá Barnavernd (fjölskylduráð)

7. Að auka starfstækifærum í gegnum Áfram verkefnið. (fjölskyldusvið)